

61 yfirlýsingu hlutaðeigandi forstöðumanns um það, að hann taki ábyrgð á meðferð 5. maí skjalanna og skilum þeirra innan ákveðins tíma.

9. gr.

Brot gegn fyrirmælum reglugerðar þessarar skulu sæta meðferð opinberra mála og varða allt að 10 þúsund króna sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 7/1947, um héraðsskjalasöfn, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. maí 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

62
7. maí

SAMÞYKKT

fyrir Veðifélag Bjarnarfjarðarár.

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Bjarnarfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er í Kaldrananesi, Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Verkefni félagsins eru að auka fiskigengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu og að leigja veiðisvæðið til stangaveiði.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Bjarnarfjarðará, en þær eru: Goðdalur, Sunddalur, Skarð, Svanshóll, Oddi, Hvammur, Bakki, Klúka, Ásmundar-nes og Kaldrananes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röðin áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið.

7. gr.

62

7. maí

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert. Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Á aðalfundi ræður afl atkvæði úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins og arðskrá. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá kr. 300.00, og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema á löglegum aðalfundi með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að slík breyting verði til umræðu.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í því augnamiði, og skal ekki liða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.